

Orðstöðulykill Íslendinga sagna

EIRÍKUR RÖGNVALDSSON

1. Verklýsing

Vinna við *Orðstöðulykil Íslendinga sagna* hófst á útmánuðum 1989.¹ Hér er um að ræða alla þá texta sem prentaðir eru í útgáfu Svarts á hvítu (1985–6/1987), að frátöldum Íslendinga þáttum og vísum. Alls eru þetta 2079 blaðsíður, en lesmálsorð í textanum eru um 885 þúsund. Verkið er unnið þannig að öllum textunum er steypt saman í eina skrá (sem er tæplega 5 megabæti að stærð).² Síðan er sérstakt forrit (Word Cruncher frá Electronic Text Corporation í Utah) látið skrifa í textaskrá (ASCII skrá) öll dæmi um hverja orðmynd, með u.þ.b. 40 bókstafa umhverfi í hvora átt og tilvísun í sögu, kafla og blaðsíðu. Brot úr slíkri skrá er sýnt á mynd 1 (á næstu síðu).

Síðan er textaskráin tekin inn í WordPerfect ritvinnsluforritið og búin undir lemmun. Í því felst m.a. að flettiorðið er feitletrað og dæmum um hverja orðmynd er raðað í stafrófsröð þess sem á eftir kemur. Að þessu loknu lítur búturinn út eins og á mynd 2 (á næstu síðu).

Fram að þessu hefur vinnslan verið að mestu vélræn, en nú tekur við handavinnan: sjálf lemmunin. Í henni felst það að steypt er saman öllum beygingarmyndum sama orðs, og samhljóða orðmyndir sem tilheyra mismunandi flettiorðum (lexemum) eru greindar sundur, auk þess sem dæmin eru öll greind í orðflokka. Þetta er gífurlega mikil vinna, og ekki alltaf auðveld, því að oft leikur vafi á því hvernig greina skuli einstakar orðmyndir (hvar mörkin liggja milli lýsingarorða og atviksorða, hvenær greina beri stirðnuð föll nafnorða sem atviksorð o.s.frv.). Búturinn sem áður var tekinn sem dæmi lítur að lokinni lemmun út eins og á mynd 3 (á næstu síðu).

Síðan er skráin prentuð á geislaprentara, og við tekur prófarkalestur, sem er mjög tímafrekur, enda hefur verið reynt að vanda til hans svo sem kostur er. Sú greining sem unnin var við lemmunina og áður er lýst er öll endurskoðuð, og stuðst við tiltækar fornáls- og nútímamálsorðabækur.

Hér koma upp ótal vafaatriði sem leysa þarf úr. Hvernig á að fara með tvímyndir (t.d. *aðfangadagur/affangadagur*, *-igur/ -ugur*, *öx/öxi/exi*, o.s.frv.)? Hvernig á að fara að þegar aukafallsmynd getur tilheyrt tveim uppfletti-

Mynd 1

Laxd	64:1634	stöðu út af ásendamir og var einart	I*þak (1)	þak	á húsinu og ekki gróð. Þá mæti
Njálá	77:213	eigi fyr en þeir höfðu undið allt	I*þakið (6)	þakið	af skálanum. Gunnar skýtur þá af
Egla	22:392	þunt og bræddur víðurinn en nærum	I*þakið	þakið	un nærið. Þórrófur bað menn sína
GísliS	13:864	húsin að drjúpa sem líklegt var er	I*þakið	þakið	tók að rofna. Gísli spratt upp
GísliL	18:917	svo mikill að þegar tekur af skálanum	I*þakið	þakið	öðrum megin og hver að öðrum þar til
GísliL	18:917	og hver að öðrum þar til er allt er	I*þakið	þakið	af húsinu. Vatnfall fylgdi hér og svo
Vígl	2:1957	gull í skurðina. Þetta herbergi var	I*þakið	þakið	biði og steint allt innan. Skiðgarður
Njálá	44:177	þá til nokkurs." "Allvel skal eg	I*þakka (14)	þakka	þeim af þeir segja mér heim víg
Egla	16:384	þílu best varið er eg hef gengið til	I*þakka	þakka	yðvans." Konungur segir að ekki
Finnb	31:654	jarl hafa gefið sér, mág sinn. Þeir	I*þakka	þakka	honum harða vel og ríða heim. Hafði
Fósth	5:786	farð hafði með þeim Vemundi. Þeir	I*þakka	þakka	henni sitt tillag er hún hafði þeim.
Fósth	5:786	Ög er þeir voru búinir til ferðar þá	I*þakka	þakka	þeir henni þarvist sína og allan
Fósth	20:818	búinir þá fara þeir á konungs fund og	I*þakka	þakka	alla vingan þá er hann hafði þeim
GísliS	9:860	bað var vant að þorkell var vanur að	I*þakka	þakka	bróður sínum verkið en nú er hann
Gren	91:1093	ekki víst um aturkomu sína "vill eg nú	I*þakka	þakka	yður þílu," segir Þorsteinn, "hveru
GurKV	11:1160	honum því að eg á honum lífgjöf að	I*þakka.	þakka.	Kari segir: "Eg vil fá að sjá
HallM	6:1205	sem konungur er og vill eg	I*þakka	þakka	hérvist mína." Þá kom það fram
HallÓ	7:1235	þar nær sem konungurinn er. Vill eg	I*þakka	þakka	honum hérðvist." Þá kom það fram
Laxd	40:1596	hann vildi. Þá mæti Kjartan:	I*þakka	þakka	viljum vér yður konungur er þér gefið
Svarf	8:1789	og ríðu í braut. Nú	I*þakka	þakka	menn Þorsteini fyrir er hann tókst
Vígl	4:1911	þetta vil eg eigi veita." Þeir	I*þakka	þakka	honum vel og þótti þeim þó mikill í
Egla	65:469	voru. Var þetta verk honum allvel	I*þakkað (1)	þakkað.	þá kvað Egill:

Mynd 2

þak (1)	Laxd 64:1634	stöðu út af ásendamir og var einart	þak	þak	á húsinu og ekki gróð. Þá mæti
þakið (6)	GísliL 18:917	og hver að öðrum þar til er allt er	þakið	þakið	af húsinu. Vatnfall fylgdi hér og svo
Njálá	77:213	eigi fyr en þeir höfðu undið allt	þakið	þakið	af skálanum. Gunnar skýtur þá af
Vígl	2:1957	gull í skurðina. Þetta herbergi var	þakið	þakið	biði og steint allt innan. Skiðgarður
GísliS	13:864	húsin að drjúpa sem líklegt var er	þakið	þakið	tók að rofna. Gísli spratt upp
Egla	22:392	þunt og bræddur víðurinn en nærum	þakið	þakið	un nærið. Þórrófur bað menn sína
GísliL	18:917	svo mikill að þegar tekur af skálanum	þakið	þakið	öðrum megin og hver að öðrum þar til
þakka (14)	Fósth 20:818	búinir þá fara þeir á konungs fund og	þakka	þakka	alla vingan þá er hann hafði þeim
GísliS	9:860	bað var vant að þorkell var vanur að	þakka	þakka	bróður sínum verkið en nú er hann
Fósth	5:786	farð hafði með þeim Vemundi. Þeir	þakka	þakka	henni sitt tillag er hún hafði þeim
HallM	6:1205	sem konungur er og vill eg	þakka	þakka	hérvist mína." Þá kom það fram
Finnb	31:654	jarl hafa gefið sér, mág sinn. Þeir	þakka	þakka	honum harða vel og ríða heim. Hafði
HallÓ	7:1235	þar nær sem konungurinn er. Vill eg	þakka	þakka	honum hérðvist." Þá kom það fram
Vígl	4:1911	þetta vil eg eigi veita." Þeir	þakka	þakka	honum vel og þótti þeim þó mikill í
GurKV	11:1160	honum því að eg á honum lífgjöf að	þakka.	þakka.	Kari segir: "Eg vil fá að sjá
Svarf	8:1789	og ríðu í braut. Nú	þakka	þakka	menn Þorsteini fyrir er hann tókst
Laxd	40:1596	hann vildi. Þá mæti Kjartan:	þakka	þakka	viljum vér yður konungur er þér gefið
Gren	91:1093	ekki víst um aturkomu sína "vill eg nú	þakka	þakka	yður þílu," segir Þorsteinn, "hveru
Egla	16:384	öllu best varið er eg hef gengið til	þakka	þakka	yðvans." Konungur segir að ekki
Njálá	44:177	þá til nokkurs." "Allvel skal eg	þakka	þakka	þeim af þeir segja mér heim víg
Fósth	5:786	Ög er þeir voru búinir til ferðar þá	þakka	þakka	þeir henni þarvist sína og allan
þakkað (1)	Egla 65:469	voru. Var þetta verk honum allvel	þakkað.	þakkað.	þá kvað Egill:

Mynd 3

þak nk; þak (1); þakið (4)	Laxd 64:1634	stöðu út af ásendamir og var einart	þak	þak	á húsinu og ekki gróð. Þá mæti
GísliL	18:917	og hver að öðrum þar til er allt er	þakið	þakið	af húsinu. Vatnfall fylgdi hér og svo
Njálá	77:213	eigi fyr en þeir höfðu undið allt	þakið	þakið	af skálanum. Gunnar skýtur þá af
GísliS	13:864	húsin að drjúpa sem líklegt var er	þakið	þakið	tók að rofna. Gísli spratt upp
GísliL	18:917	svo mikill að þegar tekur af skálanum	þakið	þakið	öðrum megin og hver að öðrum þar til
þakka so; þakka (13); þakkað (1)	Fósth 20:818	búinir þá fara þeir á konungs fund og	þakka	þakka	alla vingan þá er hann hafði þeim
GísliS	9:860	bað var vant að þorkell var vanur að	þakka	þakka	bróður sínum verkið en nú er hann
Fósth	5:786	farð hafði með þeim Vemundi. Þeir	þakka	þakka	henni sitt tillag er hún hafði þeim
HallM	6:1205	sem konungur er og vill eg	þakka	þakka	hérvist mína." Þá kom það fram
Finnb	31:654	jarl hafa gefið sér, mág sinn. Þeir	þakka	þakka	honum harða vel og ríða heim. Hafði
HallÓ	7:1235	þar nær sem konungurinn er. Vill eg	þakka	þakka	honum hérðvist." Þá kom það fram
Vígl	4:1911	þetta vil eg eigi veita." Þeir	þakka	þakka	honum vel og þótti þeim þó mikill í
GurKV	11:1160	honum því að eg á honum lífgjöf að	þakka.	þakka.	Kari segir: "Eg vil fá að sjá
Svarf	8:1789	og ríðu í braut. Nú	þakka	þakka	menn Þorsteini fyrir er hann tókst
Laxd	40:1596	hann vildi. Þá mæti Kjartan:	þakka	þakka	viljum vér yður konungur er þér gefið
Gren	91:1093	ekki víst um aturkomu sína "vill eg nú	þakka	þakka	yður þílu," segir Þorsteinn, "hveru
Njálá	44:177	þá til nokkurs." "Allvel skal eg	þakka	þakka	þeim af þeir segja mér heim víg
Fósth	5:786	Ög er þeir voru búinir til ferðar þá	þakka	þakka	þeir henni þarvist sína og allan
Egla	65:469	voru. Var þetta verk honum allvel	þakkað.	þakkað.	þá kvað Egill:
þakja so; þakið (2)	Vígl 2:1957	gull í skurðina. Þetta herbergi var	þakið	þakið	biði og steint allt innan. Skiðgarður
Egla	22:392	þunt og bræddur víðurinn en nærum	þakið	þakið	un nærið. Þórrófur bað menn sína
þökk kv; þakka (1)	Egla 16:384	öllu best varið er eg hef gengið til	þakka	þakka	yðvans." Konungur segir að ekki

myndum (t.d. *afturgöngum*, en bæði er til *afturganga* kv. og *afturgangur* kk.)? Á að flokka lýsingarhætti undir sagnir, lýsingarorð eða hafa þá sér? Á að gefa upp (búa til) nefnifall eintölu af nafnorðum sem aðeins koma fyrir í fleirtölu eða aukafalli?

Þetta er aðeins brot af þeim vandamálum sem leysa þarf úr. Oft er ómögulegt að leysa þau svo að ótvírætt sé; en reynt hefur verið að koma upp skýrum vinnureglum þannig að væntanlegir notendur geti auðveldlega áttað sig á því við hvað er miðað.

2. Hlutfallsleg tíðni orðflokka

Nú er lemmun lokið, þannig að hægt er að gera sér grein fyrir orðaforða sagnanna. Hér gefst einnig gott tækifæri til samanburðar við nútímaíslensku, vegna þess að hjá Orðabók Háskólans er um þessar mundir unnið að tíðniorðabók yfir íslenskt nútímamál. Niðurstöður úr frumkönnun vegna þeirrar bókar birtust í grein Friðriks Magnússonar (1988) í *Orði og tungu*. Þær eru hafðar hér til samanburðar, en miklu marktækari samanburður verður mögulegur þegar tíðniorðabókinni verður lokið. En lítum nú á *töflu 1* þar sem borin er saman hlutfallsleg tíðni einstakra orðflokka í Íslendinga sögum og nútímamáli:³

Tafla 1: Hlutfall orðflokka í Íslendinga sögum og nútímamáli (%)

	1	2	3	4	5
	Ísl. orð	OH orð	Ísl. lesmáls- orð	OH lesmáls- orð	Ísl. með sérnöfnum
No:	58,34	56,94	15,63	25,22	28,25
Sö:	11,58	12,17	27,09	19,20	22,95
Lo:	22,81	16,69	4,26	6,68	3,61
Ao:	5,65	7,30	23,13	22,29	19,60
Fn:	0,42	0,54	12,64	12,09	10,71
St:	0,16	0,47	15,18	12,17	12,86
To:	0,26	5,01	0,84	2,01	0,71

Í fremsta dálknum er sýnt hlutfall orða af hverjum orðflokki í Íslendinga sögum. Heildarfjöldi orða í textunum – fyrir utan sérnöfn – er tæplega 12500. Þar af eru nafnorð langflest, eða um 7300 alls; lýsingarorðin eru næstflest, um 2850; þá koma sagnir, um 1450; og atviksorð, um 700. Hér ber þess að geta að forsetningar eru flokkaðar með atviksorðum, eins og gert er í tíðnikönnun Orðabókar Háskólans. Lokuðu orðflokkarnir, fornöfn, samtengingar og

töluorð, eru svo þarna langt fyrir neðan. Nauðsynlegt er að benda á það hér, að manna- og staðanöfn eru ekki með í orðstöðulyklinum, heldur er ætlunin að gera sérstaka skrá um þau. Væru þau með myndi hlutfall nafnorða að sjálfsögðu hækka hér töluvert.

Í næsta (2.) dálki eru birtar sambærilegar hlutfallstölur úr könnun Orðabókar Háskólans á orðtíðni í nútímamáli. Það vekur athygli hve hlutföllin eru ótrúlega lík í þessum tveim dálkum. Þannig eru nafnorð 58,34% heildarorðafordans í Íslendinga sögum, en 56,94% í nútímamáli; sagnir eru 11,58% orðafordans í Íslendinga sögum, en 12,17% í nútímamáli; o.s.frv. Helst er munur á lýsingarorðum; þau eru 22,81% orðafordans í Íslendinga sögum, en 16,69% í nútímamáli. Einnig er mikill munur á töluorðum, en þau eru svo fá að naumast er ástæða til að leggja út af honum; þó kemur manni ekki á óvart að fleiri töluorða sé þörf í talnaþjóðfélagi nútímans.

Í næsta (3.) dálki er sýnt hlutfall lesmálsorða af hverjum flokki í textanum; þ.e., hversu oft orðmyndir sem tilheyra hverjum flokki koma fyrir. Þar er myndin öll önnur. Sagnirnar eru þar efstar, með u.þ.b. 27% eða rúm 200 þúsund dæmi, og næst koma atviksorð með rúm 23% eða ríflega 170 þúsund dæmi. Rétt er að minna á að þar eru forsetningar inni í, og meginhluti dæmanna er frá þeim. Nafnorð og samtengingar eru svo á svipuðu róli; milli 110 og 120 þúsund dæmi um hvorn flokk. Fornöfnin koma ekki langt fyrir neðan, með um 95 þúsund dæmi; en sá flokkur sem hefur næstflest mismunandi orð, lýsingarorðin, er með næstfæst dæmi í texta; rúm 30 þúsund. Töluorðin eru svo langneðst.

Í næsta (4.) dálki koma sambærilegar tölur fyrir nútímamál, úr könnun Orðabókar Háskólans. Séu þessir tveir dálkar bornir saman virðist í fljótu bragði vera mikill munur á, einkum á nafnorðunum; en þá ber þess að gæta að sérnöfn eru með í nútímamálskönnuninni, en ekki í tölunum um Íslendinga sögur, eins og áður sagði. Þess vegna er eðlilegra að bera saman 4. og 5. dálk en 3. og 4. Í þeim 5. hefur áætluðum fjölda dæma um sérnöfn verið bætt við tölu lesmálsorðanna. Þótt enn hafi ekki verið gerð nákvæm skrá um þau er einfalt að gera þetta með því að leggja saman heildardæmafjöldann sem orðstöðulykillinn nær yfir, tæp 750 þúsund, og draga þá tölu frá heildarorðafjölda textanna, 885 þúsund. Þá fást hlutfallstölurnar í 5. dálki.

Ef þær eru bornar saman við nútímamálstölurnar í þeim 4. koma enn í ljós mikil líkindi. Mesti munurinn er á sagnorðum og lýsingarorðum. Hann skýrist þó að talsverðu leyti af því að í könnun Orðabókar Háskólans er lýsingarháttur þátíðar ýmist greindur sem lýsingarorð eða sagnmynd, eftir setningafræðilegri stöðu. Við höfum hins vegar ævinlega greint hann sem sagnmynd, ef viðeigandi sögn kemur fyrir. Ef hann væri greindur sem lýsingarorð þar sem setningafræðileg staða gefur tilefni til þess myndi hlutfall lýsingarorða hækka talsvert en hlutfall sagna lækka að sama skapi; og hvorttveggja færði tölurnar í átt til nútímamálstalnanna.

Ekki verður annað sagt en þessar tölur sýni ótrúlegan stöðugleika málsins; bæði hlutfall mismunandi orða og lesmálsorða í hverjum flokki er mjög svipað.

Þó vitum við um ýmsar breytingar sem búast hefði mátt við að breyttu þessum hlutföllum. Þar má nefna uppkomu sagnasambanda eins og *vera að gera eitthvað* og *vera búinn að gera eitthvað*; að óreyndu hefði mátt ætla að þau yllu hækkuðu hlutfalli sagna í lesmálsorðum. E.t.v. hafa einhverjar aðrar breytingar orðið til þess að vinna þar á móti; en einnig er nær öruggt að þessi umræddu sambönd eru mun fátíðari í nútíma ritmáli en í talmálinu.

3. Algengustu orð í Íslendinga sögum

Þegar athugað er hver séu algengustu orðin í Íslendinga sögum, og það borið saman við nútímamál, kemur í ljós að flest orðin eru þau sömu, þótt innbyrðis röð þeirra hafi breyst nokkuð. Þetta er sýnt hér í töflu 2; OH táknar röð orðanna í tíðnikönnun Orðabókar Háskólans.

Tafla 2: Algengustu orð í Íslendinga sögum

	Orð	Orðfl.	OH		Orð	Orðfl.	OH
1	og	st	2	26	hún	fn	18
2	hann	fn	7	27	fyrir	fs	23
3	vera	so	1	28	mæla	so	
4	að	st	3	29	sem	st	8
5	það	fn	6	30	þessi	fn	16
6	eg	fn	9	31	vilja	so	
7	í	fs	4	32	er	st	
8	til	fs	13	33	af	fs	19
9	en	st	12	34	taka	so	48
10	á	fs	5	35	allur	fn	32
11	hafa	so	10	36	munu	so	
12	þú	fn	35	37	ganga	so	
13	þá	ao	40	38	mikill	lo	43
14	maður	kk	29	39	kveða	so	
15	segja	so	30	40	gera	so	42
16	þar	ao	27	41	sá	fn	17
17	koma	so	25	42	verða	so	22
18	fara	so	44	43	sig	fn	24
19	nú	ao	51	44	þykja	so	
20	um	fs	11	45	ekki	ao	15
21	við	fs	14	46	eftir	fs	41
22	eigi	ao		47	hinn	fn/gr	
23	með	fs	20	48	vel	ao	
24	svo	ao	36	49	hver	fn	47
25	sinn	fn	39	50	upp	ao	61

Séu einstakir orðflokkar bornir saman við nútímamál verður niðurstaðan talsvert mismunandi, eins og tafla 3 sýnir:

Tafla 3: Algengustu orð í fjórum stærstu orðflokkunum

nafnorð		lýsingarorð		sagnir		atviksorð		
1	maður	2	1 mikill	1	1 vera	1	1 í	1
2	konungur	--	2 margur	2	2 hafa	2	2 til	4
3	skip	--	3 góður	6	3 segja	5	3 á	2
4	mál	11	4 lítill	3	4 koma	4	4 þá	14
5	son[ur]	--	5 illur	--	5 fara	9	5 þar	11
6	hönd	--	6 sannur	--	6 mæla	--	6 nú	17
7	fé	--	7 fár	29	7 vilja	34	7 um	3
8	bróðir	--	8 vís	24	8 taka	11	8 við	5
9	land	8	9 stór	7	9 munu	21	9 eigi	--
10	dagur	17	10 dauður	--	10 ganga	24	10 með	8
11	kona	6	11 langur	25	11 kveða	--	11 svo	13
12	frændi	--	12 kyrr	--	12 gera	8	12 fyrir	10
13	jarl	--	13 sterkur	--	13 verða	3	13 af	7
14	faðir	--	14 ungur	9	14 þykja	35	14 ekki	6
15	ferð	--	15 gamall	4	15 láta	22	15 eftir	15
16	sumar	--	16 sár	--	16 eiga	6	16 vel	37
17	dóttir	--	17 hálfur	--	17 heita	--	17 upp	19
18	þing	--	18 vanur	--	18 búa	32	18 síðan	--
19	hestur	--	19 vænn	--	19 riða	--	19 þó	23
20	orð	25	20 verður	--	20 skulu	15	20 heim	--
21	nótt	--	21 líkur	--	21 svara	--	21 út	21
22	fundur	--	22 vitur	--	22 spyrja	27	22 frá	12
23	lið	--	23 harður	--	23 biðja	--	23 hér	18
24	bær	--	24 heill	--	24 fá	12	24 þegar	--
25	bóndi	--	25 miður	--	25 ætla	--	25 mjög	46
26	hluti/ur	--	26 fyrstur	--	26 vita	16	26 úr	16
27	sverð	--	27 sekur	--	27 leggja	23	27 fram	22
28	sök	--	28 laus	--	28 bera	30	28 fyrr	35
29	bú	--	29 fyrri	13	29 gefa	20	29 yfir	26
30	höfuð	--	30 vinsæll	--	30 finna	17	30 áður	27
31	móðir	--	31 skyldur	--	31 sjá	10	31 saman	43
32	víg	--	32 fullur	31	32 mega	14	32 inn	38
33	vin[ur]	--	33 næstur	--	33 standa	19	33 undir	31
34	leið	27	34 var	--	34 sitja	--	34 heldur	--
35	vopn	--	35 fagur	--	35 bjóða	--	35 enn	40
36	sinn	23	36 réttur	17	36 hlaupa	--	36 niður	32
37	morgunn	--	37 fjölmennur	--	37 halda	17	37 ofan	--
38	kveld	--	38 friður	--	38 kalla	--	38 aftur	42
39	hús	--	39 þungur	--	39 falla	--	39 brott	--
40	fótur	--	40 kunnugur	--	40 skilja	--	40 hjá	24
41	spjót	--	41 reiður	--	41 setja	32	41 lengi	50
42	sveinn	--	42 líklegur	--	42 drepa	--	42 hversu	--
43	vor	--	43 auðigur	--	43 liggja	27	43 þangað	--
44	kostur	--	44 ríkur	--	44 leita	--	44 milli	33
45	skjöldur	--	45 þvífkur	--	45 veita	--	45 utan	--
46	vegur	18	46 sáttur	--	46 sækja	--	46 aldrei	41
47	bak	--	47 ágætur	--	47 höggva	--	47 illa	--
48	staður	16	48 staddur	--	48 tala	--	48 undan	--
49	vetur	--	49 feginn	--	49 senda	--	49 móti	--
50	húskarl	--	50 ærinn	--	50 geta	7	50 hvar	--

Aðeins 10 af algengustu nafnorðunum í Íslendinga sögum komast í hóp 38 algengustu nafnorða í könnun Orðabókarinnar. Þess ber þó að geta að nafnorðanotkun er að sjálfsögðu mjög háð efni þess texta sem skoðaður er, og ef bornir væru saman einhverjir tveir nútímamálstextar um mismunandi efni er alls óvíst að meira yrði þar sameiginlegt. En það er gaman að sjá hvaða nafnorð eru þarna algengust. *maður* er langefst, sem varla kemur á óvart, en ég veit ekki hvort menn hafa átt von á að *konungur* og *skip* kæmu næst. Mörg skyldleikaorð eru á skránni; *sonur*, *bróðir*, *frændi*, *faðir*, *dóttir*, *móðir*. Þarna eru einnig líkamshlutar; *hönd*, *höfuð*, *fótur*. Árstíðirnar eru þarna, og tímar sólarhringsins; *dagur*, *sumar*, *nótt*, *morgunn*, *kveld*, *vor*, *vetur*. Þá eru þarna vopn og verjur, og önnur orð sem tengjast vígaferlum; *sverð*, *spjót*, *skjöldur*; *sök*, *lið*, *víg*.

Þá eru það lýsingarorðin, þar sem sömu orð eru í efstu sætunum í Íslendinga sögum og nútímamáli; það eru lýsingarorð almennrar merkingar: *mikill*, *margur*, *góður*, *lítill*. Að öðru leyti eru álíka fá sameiginleg orð með nútímamálinu og var í nafnorðunum. Hér eru áberandi orð sem notuð eru í mannlýsingum; *sterkur*, *ungur*, *gamall*, *vænn*, *vitur*, *vinsæll*, *fríður*, *auðigur*, *ríkur*, *ágætur* o.s.frv.

Þegar sagnirnar eru skoðaðar gjörbreytist myndin. Þar er mjög mikið sameiginlegt; sömu sagnir í tveim efstu sætunum, og röðin að öðru leyti ótrúlega lík, þótt vissulega hafi talsverðar breytingar orðið. Auk hjálparsagna eru þarna áberandi sagnir sem vísa til samtala; *segja*, *mæla*, *kveða*, *svara*, *spyrja*, *tala*. Einnig sagnir sem vísa til ferða manna og hreyfinga; *koma*, *fara*, *ganga*, *ríða*, *standa*, *sitja*, *hlaupa*. Þá eru sagnir sem tengjast vígaferlum, eins og *falla*, *drepa*, *veita*, *sækja*, *höggva*. Helstu breytingarnar sem þarna koma fram eru að sagnirnar *mæla* og *kveða* detta út; og hjálparsagnir eins og *verða*, *eiga* og *geta* hækka í röðinni í nútímamáli.

Að lokum eru það atviksorð og forsetningar. Þar eru ekki miklar breytingar, en þó hefur neitunarorðið *eigi* alveg fallið út. Einnig má benda á að forsetningarnar *í* og *til* eru u.þ.b. jafnalgengar í forn máli; en í nútímamáli er *í* tvisvar til þrisvar sinnum algengari en *til*. *í* hefur líka mikla yfirburði yfir aðrar forsetningar í nútímamáli, en *til* er komið niður fyrir *á*, og til jafns við *við* og *um*.

4. Framhaldsrannsóknir

Hér hefur aðeins verið dregið á örfá atriði sem hægt er að kanna með hjálp orðstöðulykilsins. Við munum á næstunni vinna að ýmiss konar tíðniathugunum í framhaldi af þeim sem hér eru birtar. Þar á meðal eru athuganir á tíðni einstakra gilda málfræðilegra formdeilda, s.s. tíðni falla, háttu o.s.frv.; og athuganir á tíðni einstakra forskeyta og viðskeyta.

Nú er hafin vinna við Orðabók um Íslendinga sögur, en orðstöðulykillinn verður aðalundirstaða þess verks. Þegar hefur komið í ljós hversu gífurlegur munur það er að semja orðabókarlýsingu út frá dæmasafni af þessu tagi; hægt

er að átta sig mun betur á notkun orða, merkingarblæbrigðum, setningarstöðu o.s.frv. en mögulegt væri ef lýsingin byggðist á tilviljanakenndri orðtöku.

Þá er einnig hafin viðamikil könnun á setningafræði fornra frásagnartexta, sem byggist einkum á orðstöðulykli Íslendinga sagna, svo og orðstöðulykli Sturlungu, sem er í undirbúningi. Gerðar hafa verið tilraunir sem sýna að með hjálp orðstöðulykilsins er hægt að kanna á stuttum tíma ýmis atriði sem áður voru margfalt tímafrekari (sjá Eirík Rögnvaldsson 1990, Kristínu Bjarnadóttur 1990). Einnig hefur orðstöðulykillinn þegar komið að góðu gagni í kennslu.

Ótalin eru svo þau not sem fræðimenn og áhugamenn á ýmsum öðrum sviðum hafa af orðstöðulyklinum. Þegar hafa ýmsir fengið aðgang að honum til dæmasöfnunar; einkum bókmenntafræðingar, en einnig sagnfræðingar og áhugamenn um einstök atriði (s.s. glímu og refi, svo að eitthvað sé nefnt). Fullvíst er að á næstu árum eiga menn eftir að sjá sitthvað í nýju ljósi fyrir atbeina orðstöðulykilsins, og við vonum að hann geti orðið undirstaða frjórna hugmynda og traustra rannsókna á máli og menningu Íslendinga að fornu.⁴

Tilvísanir

- 1 Örnólfur Thorsson bjó hinn tölvutæka texta undir framhaldsvinnslu með aðstoð Stefáns Briem. Eiríkur Rögnvaldsson hefur séð um lemmun textans, en að prófarkalestri hafa einkum unnið Bergljót Kristjánsdóttir og Guðrún Ingólfsdóttir, og auk þeirra Bragi Halldórsson og Jón Torfason.
- 2 Sjá einnig hliðstæða verklýsingu í grein Eiríks Rögnvaldssonar og Örnólfs Thorssonar (1989) í *Saga News*.
- 3 Vegna þess að enn er eftir að færa inn leiðréttingar sem gerðar hafa verið við prófarkalestur eru þessar tölur ekki alveg nákvæmar. Munurinn á þó ekki að geta skipt máli fyrir heildarmyndina.
- 4 Þessi grein byggist á fyrirlestri sem haldinn var á 4. Rask-ráðstefnu Íslenska málfræðifélagsins í Odda, 25. nóvember 1989. Hér er þó ýmsu breytt frá þeirri gerð.

Heimildir

- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. Quirky Subjects in Old Icelandic. *Proceedings of the Twelfth Scandinavian Conference of Linguistics*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík (væntanlegt)
- Eiríkur Rögnvaldsson og Örnólfur Thorsson. 1989. Fornir textar í tölvubanka. *Saga News* 4:19–24.
- Friðrik Magnússon. 1988. Hvað er títt? Tíðnikönnun Orðabókar Háskólans. *Orð og tunga* 1:1–49.
- Kristín Bjarnadóttir. 1990. *Dativus sympatheticus*. Óprentuð ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.